

Að skyggnast í skúmaskotin Um fjölmenningsamfélag við Karíbahafsströnd Kostaríku í verkum Anacristina Rossi¹

1. Inngangur

Hugmyndir umheimsins um menningu og mannlíf í Rómönsku Ameríku hafa mótast frá tímum landafundanna í lok fimmtándu aldar. Lýsingar landkönnuða sem birtust í frásögnum þeirra, bréfum og leiðarbókum lögðu grunninn að viðhorfum Evrópumanna til álfunnar.² Hugmyndir um framandleika þessara fjarlægju slóða urðu til og festust í sessi, jafnvel svo að sumar lifa góðu lífi enn þann dag í dag.³ Kostaríska skáldkonan Anacristina Rossi gerir umræddan framandleika að umfjöllunarefni í skáldsögum sínum *Limón Blues* (2002) og *Limón Reggae* (2007).⁴ Hún beinir sjónum að því hvernig

1 Lindu Guðrúnu Karlsdóttur, meistaraneima í spænsku, er þökkud aðstoð við heimildaöflun.

2 Bréf Kólumbusar til yfirvalda á Spáni öðluðust strax útbreiðslu. Þau höfðu afgerandi áhrif á viðhorf Evrópumanna til nýja heimsins. Í bréfunum er að finna ferðalýsingar, umfjöllun um staðhætti og íbúa eyja Karíbahafsins. Áhersla er lögð á heimshlutann sem sælureit, e.k. paradís, þar sem búi undirgefnið og einfalt fólk. Hugmyndin um „góða villimanninn“ festist í sessi í kjölfar þessara frásagna, enda staðfestar í skrifum munksins Bartolomé de las Casas, sem var í mun að koma frumbyggjum til varnar í ljósi sívaxandi ofbeldis Spánverja í nýlendunum. Til frekari upplýsinga er bent á þýðingar Sigurðar Hjartarsonar, s.s. í bókinni *Leiðarbækur úr fyrstu siglingunni til Indíalanda 1492–1493*, Reykjavík: Uglan, 1992, og *Órstutt frásögn af eyðingu Indíalanda* eftir Bartolomé de las Casas, Reykjavík: Þýðandi gaf út, 2007.

3 Sjá nánari umfjöllun höfundar í greininni: „Kvenlegar ásýndir Rómönsku Ameríku“, *Ritið* 2/2005, bls. 63–81.

4 Anacristina Rossi fæddist 1952 í höfuðborg Kostaríku, San José, en dvaldi langdvölum í hafnarborginni Limón á Karíbahafsströnd landsins. Hún stundaði nám í Frakklandi, Bretlandi og Hollandi og lauk meistaragráðu í þýðingarfræðum. Hún starfar jöfnum höndum sem rithöfundur, blaðamaður og þýðandi.

ráðandi hugmyndir samtímans um Kostaríku sem heimkynni hvíttra afkomenda Evrópumanna fyrst og fremst séu misvísandi og feli í sér ofureinföldun. Hún leggur áherslu á að í aldanna rás hefði þessi ímynd, í takt við það sem gerst hefur annars staðar, átt að verða æ margræðari – og allt annað en einföld.⁵ Athygli hennar beinist að Karíbahafsströnd heimalandsins, en um Karíbahafssvæðið hefur kúbverska ljóðskáldið Nancy Morejón sagt:

Til er skip sem er á samfelldri siglingu um Karíbahafið. Það fer ekki einungis milli fjarlægra eyja heldur kemur einnig við á fastalandinu. Ferðir þess stuðla að útbreiðslu menningarsamfélags sem er á stöðugri hreyfingu. Þetta samfélag er forstofa Ameríku sem við erum smám saman að eignast meiri hlutdeild í. Þetta skip, hvort heldur stórt eða lítið, siglir seglum þöndum á úthafi bókmenntanna sem við höfum verið að skapa.⁶

Ítalska fræðikonan María Rita Corticelli fjallar í bók sinni *El Caribe Universa* um sögu og byggðaþróun svæðisins og hlutverk bókmennta við ímyndarsköpun.⁷ Hún rekur íbúasögu þessarar „forstofu álfunnar“ og gerir nútímasamfélög í þessum heimshluta að sérstöku umtalsefni. Hún beinir sjónum að hinum enskumælandi Jamaíku og Belís, að Haíti þar sem töluð er franska, og Kúbu og Dóminíska lýðveldinu þar sem spænska er töluð. Hún fjallar um Karíbahafsströnd Mið-Ameríku þar sem bri-bri indíánar byggja Talamancaströnd Kostaríku ásamt enskumælandi íbúum í borginni Limón og nágrenni. Í norðri er að finna enskumælandi íbúa bæði á Maís-eyju, í borginni Bluefields í Níkaragva og á eyjunum undan ströndum Hondúras. Miskító-indíánar deila Karíbahafsströnd Hondúras og

5 Í Kostaríku búa rúmlega 4,5 milljónir manna, meira en helmingur á höfuðborgarsvæðinu og í nágrenni. 94% íbúanna eru hvítir menn eða kynblendingar, 3% eru af afrískum uppruna og búa einkum á Karíbahafsströndinni, indíánar eru 1%, Kínverjar 1% og aðrir kynþættir 1%. Réttindasamök minnihlutahópa hafa gagnrýnt þessar tölur og halda því fram að allt að 12% íbúa landsins teljist til ýmissa minnihlutahópa, <http://www.nationsonline.org/oneworld/>; <http://www.inec.gov.cr/Web/Home/pagPrincipal.aspx> [sótt 16. desember 2011].

6 „Hay un barco que boga siempre por las aguas del Mar Caribe, atravesando no sólo la cuenca de las islas sino los territorios de Tierra Firme para en su conjunto componer una enorme civilización en movimiento perpetuo, sentada a las puertas de una América cada vez más nuestra. Ese barco, grande o pequeño, al azar de los vientos que soplen, se mueve ahora en el múltiple mar de las literaturas que hemos ido creando.“ Nancy Morejón, *Anales del Caribe*, Havana: Casa de las Américas, 2006, bls. 7. Allar tilvitnanir í greininni eru býddar af greinarhöfundu.

7 María Rita Corticelli, *El Caribe Universal: La obra de Antonio Benítez Rojo*, Berlin: Peter Lang Forlag, 2006.

norðurhluta Níkaragva með enskumælandi afkomendum þræla. Margmenningarlegt samfélag Karíbahafsins, „blandað og fjölbreytt“, hefur að hennar mati mótast hvað mest af afkomendum þræla.⁸ Að sama skapi ítreka Gudmundson og Woulf, í bók sinni *Blacks & Blackness in Central America: Between Race and Place*, að byggðaðþróun í strandhéraðum Mið-Ameríkulanda við Karíbahaf hafi ekki hvað síst mótast af flutningi fólks frá eyjum Karíbahafsins.⁹

Kólumbus kom að Karíbahafsströnd Kostaríku, þar sem nú er hafnarborgin Limón, árið 1502. Hann kallaði staðinn „ríku ströndina“, eða Costa Rica. Á sextánda öld fer fáum sögum af byggðaðþróun við austurströnd landsins þó að skip landkönnuða hafi nokkrum sinnum komið þar við. Vitað er að sífellt fleiri þrælar voru um borð í spænskum freigátum og að margir þeirra struku frá borði víðsvegar við strendur Karíbahafs.¹⁰ Það er fyrst þegar kakórækt festist í sessi um miðja sautjándu öld að þörf skapast fyrir aukið vinnuafli. Þrælar voru fluttir til strandhéraðanna og margir þeirra settust þar að.¹¹ Samtímis gerðist það annars staðar í landinu að Evrópumenn og fjölskyldur þeirra settust að á hásléttunni, þar sem nú er höfuðborgin San José. Þeir komu úr suðri, þar sem nú er Panama, og ferðuðust upp eftir vesturströndinni, Kyrrahafsmegin. Loftslag hásléttunnar var þeim kunnuglegra og mun þægilegra en loftslagið á hitabeltissvæðum láglendisins. Til urðu öflug samfélög smábænda sem stunduðu meðal annars kartöflurækt. Lítil samskipti voru milli íbúa hásléttunnar og samfélaga frumbyggja og blökkumanna annarsstaðar í landinu, eða allt þar til kaffiframleiðslu landsins óx fiskur um hrygg um miðja 19. öld. Þá skapaðist þörf fyrir samgönguleiðir ofan af hásléttunni til strandar svo efla mætti útflutning. Fyrst var unnið að lagningu járnbrauta á vesturströndinni og skipað út frá borginni Puntarenas við Kyrrahafið. Fljótlega var þó farið að horfa til Karíbahafsstrandarinnar enda mun styttra á markaði þaðan. Byggðakjarni hafði þá þegar myndast við ársóa Limón og íbúarnir stunduðu þar kakórækt og fiskveiðar.

8 „hibrido y heterogéneo“, sama rit, bls. 17.

9 Lowell Gudmundson og Justin Woulf, *Black and Blackness in Central America. Between Race and Place*, Durham & London: Duke University Press, 2010.

10 Quince Duncan og Carlos Meléndez, *El negro en Costa Rica*, San José, Costa Rica: Editorial Costa Rica, 1981.

11 Ruessell Lohse, „Cacao and Slavery in Matina, Costa Rica, 1650–1759“, *Blacks & Blackness in Central America*, bls. 57–92.

Fræðimaðurinn Ronald N. Harpelle hefur fjallað um fyrri og seinni öldu innflytjenda blökkumanna til Kostaríku.¹² Sú fyrri, segir hann, átti sér stað á landvinningatímanum, en þó sérstaklega undir lok 17. aldar þegar kakóræktunin jókst, og sú síðari eftir miðja 19. öld þegar fólk flyktist til landsins frá eyjum Karíbahafsins, einkum Jamaíku, í atvinnuleit.¹³ Þá hafði verið ákveðið að leggja járnbrautar-teina milli hafnarborgarinnar Limón og hásléttunnar og til þess vantaði vinnuafli. Fjölmargir þessara farandverkamanna sneru aldrei til baka. Fyrirtækið sem sá um lagningu járnbrautanna fór á hausinn og þegar ekki var hægt að greiða verkamönnum laun var mörgum þeirra úthlutað landskikum. Fólk settist að og starfaði fyrir bananaveldi United Fruit Company í nágrenni Limón.¹⁴ Þetta fólk talaði ensku og var einangrað frá öðrum hlutum landsins, bæði landfræðilega og menningarlega. Í bók Gudmundson og Woulf er fjallað um jaðarstöðu þessara íbúa Kostaríku.

Jaðarstaða minnihlutahópa Kostaríku er einnig viðfangsefni Rossi og til að átta sig betur á framlagi hennar til baráttunnar gegn henni í fyrrnefndum skáldsögum er vert að skoða skrif kostaríska rithöfundarins og fræðimannsins Quince Duncan. Í grein sinni „Afró-raunsæi. Ný vídd í bókmenntum Rómönsku Ameríku“¹⁵, bendir hann á að listsköpun blökkumanna, indíána og annarra og minnihlutahópa hafi undantekningalítið ekki ratað á síður yfirlitsrita um

12 Ronald N. Harpelle, *The West Indians of Costa Rica: Race, Class and the Integration of an Ethnic Minority*, Kingston, Jamaica: Ian Randle Publishers, 2001. Sjá enn fremur skrif Quince Duncan og Carlos Meléndez, *El negro en Costa Rica*, og Quince Duncan, *Contra el silencio: afrodescendientes y racismo en el Caribe continental hispanico*, San José, Costa Rica: EUNED, 2001.

13 Ronald N. Harpelle, *The West Indians of Costa Rica*. Þar gerir hann að umtalsefni að allt frá 16. öld hafi afrískir þrælur verið um borð í skipum Spánverja sem sigldu til Ameríku og ár hvert hafi nokkrir ýmist strokið eða orðið eftir á ýmsum viðkomustöðum. Fjöldaflutningur fólks frá eyjum Karíbahafs hafi hins vegar fyrst komið til þegar strandsvæði Mið-Ameríkulanda öðluðust hlutverk útflutningsmiðstöðva.

14 Skáldsagan *Mamita Yunai* (1940) eftir kostaríska rithöfundinn Carlos Luis Fallas, fjallar á eftirminnilegan hátt um líf og aðstæður verkafólks á bananaplantekrum Karíbahafsstrandarinnar við upphaf síðustu aldar.

15 Quince Duncan, „El afrorealismo, una dimensión nueva de la literatura latinoamericana“, *Anales del Caribe*, Havana: Casa de las Américas, 2006, bls. 9–20. Með hugtakinu afró-raunsæi vísar Duncan til hugmynda meðal menntamanna af afrísk-amerískum uppruna sem leggja áherslu á að blökkumenn Ameríku deili menningararfleifið og hana beri að hefja til vegs og virðingar. Þessar hugmyndir eiga rætur að rekja til annarra hreyfinga sem urðu til á undan og ítrekuðu sérstætt sjónarhorn blökkumanna á samtíma sinn og tilveru. Geta má „afró-kúbisma“ og „blökkuljóða“ (sp. *poesía negra*) á Kúbu, auk hugmynda „negrismo“ og „negritude“ hreyfinganna á eyjum Karíbahafsins um miðja 20. öld (sjá neðanmálgrein 17).

menningarsögu landanna sem þessir hópar byggja.¹⁶ Duncan fjallar sérstaklega um bókmenntir fólks af afrísk-amerískum uppruna og bendir á fjölmörg dæmi þess hvernig verk þeirra standi ennþá handan ósýnilegra en mjög skýrt afmarkaðra landamæra hinnar ráðandi (e. *mainstream*) bókmenntaelítu.¹⁷ Duncan telur mikilvægt að nema úr gildi ríkjandi hugsunarhátt aðskilnaðar sem þessi táknrænu landamæri stuðli að, en til þess verði rithöfundar af afrískum uppruna að vinna tiltekna heimavinnu og tileinka sér ákveðin vinnubrögð. Þau felist m.a. í því að nota afrísk-amerískt sjónarhorn í verkum sínum – t.d. með breyttri mál- og hugtakanotkun.¹⁸ Í því felst, segir hann, að virða uppruna sinn og menningararfleifð og halda á lofti, og nota, afríkumiðuð (sp. *afrocéntrico*) minni og tákn, t.d. guði og gyðjur úr „santería“-trúarbrögðum. Þetta, bendir hann á, endurvekur þekkingu á menningu forfeðranna.¹⁹ Enn fremur hvetur hann til þess að stjórnmalasaga þrælaverslunarinnar sé endursögð frá sjónarhóli afkomenda þrælanna. Síðast en ekki síst gerir hann að umtalsefni nauðsyn þess að lifa með reisn á umráðasvæði eigin menningar án aðskilnaðar frá öðrum menningarsamfélögum svæðisins.²⁰ Hann leggur áherslu á nauðsyn þess að halda leitinni að afrísk-amerískri sjálfsmynd áfram og mikilvægi þess fyrir afkomendur Afríkumanna að tileinka sér slíka sjálfsmynd.

Áskorun Duncans er sett fram gegn evrópumíðaðri menningararfleifð sem sífellt og stöðugt er og hefur verið haldið á lofti. Og þó að Evrópumenn líti ekki á Rómönsku Ameríku sem meginland hvíttra manna miðast flestar hugmyndir sem ráðið hafa þar ríkjum

16 Duncan (f. 1940) kom fram á sjónarsvið kostarískra bókmennta á sjöunda áratugnum. Hann skrifar aðallega á spænsku en í verkum sínum sækir hann efnivið til Karíbahafsstrandar Kostaríku.

17 Þess ber að geta að Duncan er fjarri því að vera fyrstur til að gera þessum málum skil. Á eyjum Karíbahafs hafa rithöfundar, skáld og listamenn haldið afrískum uppruna íbúanna mjög á lofti. Má þar nefna Alejo Carpentier, Nicolás Guillén og Nancy Morejón frá Kúbu, Joaquín Beleño C. og Carlos Guillermo Wilson (Cubena) frá Panama, Joaquín Gutiérrez og Fabián Dobles frá Kostaríku, Aimé Césaire frá Martiníku, Manuel del Cabral frá Dóminísku lýðveldinu, Luis Palés Matos frá Puerto Rico og marga fleiri.

18 Duncan heldur hér á lofti hugmyndinni um „negritude“ sem hugsuðir á borð við Leopold Sedar Senghor (frá Senegal), Léon Gontran Damas (frá Gvayana) og Aimé Césaire (frá Martiníku) höfðu þegar varpað fram. Hugmyndirnar áttu að hluta upptök í endurreisnarhreyfingunni í Harlem á þriðja áratug 20. aldar.

19 Duncan, „El afrorealismo, ...“. Þar talar hann um „la comunidad ancestral“ annars vegar og „conciencia negra universal“ hins vegar, bls. 11.

20 Sama grein. Duncan notar hugtakið „intracéntrico“, bls. 14.

um heimspeki, fagurfræði og hugmyndasögu við evrópska menningingararfleifð.²¹ Samkvæmt hugmyndum Duncans virðist sem sá félagslegi darvinismi sem festi rætur á 19. öld ráði enn ríkjum. Áhrifavaldar eins og argentínski hugmyndafræðingurinn og stjórnmálamaðurinn Domingo Faustino Sarmiento, sem fjallaði um „ólán Ameríku“ og átti við blöndun Evrópumanna og frumbyggja, hafa sterk ítök enn þann dag í dag. Kynblöndunina taldi Sarmiento stuðla að því „að kynstofnar álfunnar lifa í iðju- og framkvæmdaleyssi“. Þeir virðast, segir hann, ófærir „[...] um að leggja á sig álags- og erfiðisvinnu“.²² Lærisveinn hans, argentínski hugmyndasmiðurinn Carlos Octavio Bunge, lagðist á árar með honum og benti á að blökkumenn hefðu fátt lagt á vogarskálar afrekalista heimsbyggðarinnar.²³

Sá veruleiki sem Duncan fjallar um við upphaf 21. aldar er enn flóknari en sá sem blasti við fræðimönnum álfunnar fyrir eitt hundrað árum. Fjölmeningarsamfélög strandhéraða við Karíbahaf mótast af tilvist fjölmargra menningarkima. Þessir afkimar eða skúmaskot ráðast fyrst og fremst af uppruna, útliti og menningararfleifð, en einnig af félagslegum aðstæðum og óstöðugu stjórnmálaástandi. Ýmsir rithöfundar og skáld hafa á undanförunum árum skrifað í vaxandi mæli um líf minnihlutahópa í Kostaríku.²⁴ Kostarísku ljóðskáldin og blökkukonurnar Eulaila Bernard Little, Shirley Campell og Delia McDonald eru þar á meðal. Þær tilheyra tilteknu jaðarsamfélagi og tjá sérkenni þess. Þær beina sjónum að uppruna sínum og skrifa jafnt á spænsku sem ensku. Þær veita innsýn í hvernig það er að vera svört kona í kostarísku nútímasamfélagi og lýsa viðbrögðum umhverfisins við þeim sem blökkukonum. Þær

21 Sama grein, bls 17.

22 Domingo Faustino Sarmiento, í *La segregación negada: Cultura y discriminación social*, ritstj. M. Margulis og M. Urresti, Buenos Aires: Editorial Biblos, 1999. Þar er haft eftir Sarmiento: „Las razas americanas viven en la ociosidad, y se muestran incapaces, aun por medio de la compulsión, para dedicarse a un trabajo duro y seguido“, bls. 116.

23 Eftir hann liggja m.a. ritin: *Nuestra América y Principios de psicología individual y social* (1903), *Los envenenados* (1908) og *Nuestra Patria* (1910) ásamt mörgum fleiri.

24 Nokkrir af lærifæðrum Rossi eru José León Sánchez, Fabián Dobles og Abel Pacheco, ásamt Quince Duncan sem ritað hefur fjölda skáld- og smásagna á löngum rithöfundarferli. Höfundur hefur fjallað um verk Duncans í greininni „Transculturación paulatina: La integración del pueblo negro en la sociedad costarricense“, *El Caribe Centroamericano*, Helsinki, Finnland: The Renvall Institute, 2005, bls. 138–152.

eru „ný“ rödd í bókmenntalífi Kostaríku²⁵ og samtvinna menningarsögulegan bakgrunn sinn og sjónarhorn menningu meirihlutans.

Eulaila Bernard Little (f. 1935) yrkir:

„We“²⁶
 [...]

We who breathe other air

We who intone other songs

We who invoke other gods

Here we are living dead

There we are dying alive

We are dead.

Delia McDonald (f. 1965) yrkir:

„Each stop is a calypso dance“.²⁷

The blacks from San José

we are happy with our

party of smiles,

and onto the train board black vendors

hustling their goods:

„*pan bon ... pan boon*, I’ve got *pan bon ...*“²⁸

Með afró-raunsæinu sem einkennir framlag þeirra til bókmenntasögu Kostaríku við upphaf 21. aldar er fjölmenningararfleifð landsins staðfest. Þær taka þátt í því sem kúbverski kenningasmiðurinn Fernando Ortiz hefur kallað „transculturación“, og á þar við flutning menningar og menningarsögulegrar þekkingar frá einum tíma og

25 Dorothy E. Mosby, *Place, Language and Identity in Afro-Costa Rican Literature*, Colombia og London: University of Missouri Press, 2003.

26 Eulaila Bernard Little, *Rítmobéroe*, San José, Costa Rica: Editorial Costa Rica, 1982, bls. 95. Ljóðið birtist einnig á spænsku og hver ljóðlína hefst á persónufornafninu „nosotros“ = við.

27 Delia McDonald, *La lluvia es una piel*, San José, Costa Rica: Ministerio de Cultura, 1999, bls. 58. Ljóðið birtist einnig á spænsku undir heitinu „Cada parada es un baile de calipso“.

28 „Pan bon“ er sætabrauð sem blökkumenn Karfbahafsstrandar Kostaríku baka og borða á tyllidögum.

tilteknu menningarsamfélagi til annars.²⁹ Verk þeirra staðfesta kenningar Ortiz um að mismunandi menningarkimar sem búa í návígi og hverfast hver um annan smitist og verði fyrir óafturkræfum og gagnvirkum áhrifum hver af öðrum. Til verður núningssvæði þeirra á milli, þar sem enginn er ósnortinn. Skáldkonurnar, sem eins og áður segir skrifa ýmist á ensku eða spænsku, fjalla um fjölmennin-
 ingarlegt umhverfi sitt og uppruna. Þær lýsa veruleika sem þær þekkja og veita innsýn í sérstæða reynslu og þau gildi sem af henni spretta. Þær hafa orðið fyrir áhrifum, ígrundað þau og endurskapað í verkum sínum. Verk þeirra bera vott um nýstárlegar sjálfmyndir sem staðfesta hugmyndir úrúgvæska fræðimannsins Angels Rama um að þetta ferli menningaradlögunar stuðli að „neoculturación“ eða nýmenningu.³⁰

2. Sjálfmyndir og staðalmyndir um Kostaríku

Mótun sjálfmynda er áberandi í verkum rithöfunda sem eiga uppruna sinn að rekja til minnihlutasamfélaga Kostaríku. Með hugtakinu sjálfmynd (sp. *identidad*) er hér vísað til skilnings einstaklings á sjálfum sér í félagslegu umhverfi sínu. Þessi skilningur er í takt við hugmyndir sílesku félagsfræðinganna Manuels Baeza og Mögdu Sepúlveda sem leggja áherslu á að sjálfmyndir mótist aðallega af uppruna og menningu, ásamt landfræðilegum aðstæðum, atvinnuháttum og hlutverkum.³¹ Sjálfmyndir, benda þau á, eru svæðisbundnar. Einstaklingurinn speglar sig í nánasta umhverfi sínu og verður virkur gerandi í því að skapa og þróa eigin sjálfmynd – ómeðvitað í æsku en meðvitað á fullorðinsárum.³² Í því felst, samkvæmt kenningum heimspekingsins Corneliusar Castoradis, að

29 Fernando Ortiz, „Del fenómeno social de la „transculturación“ y de su importancia en Cuba“, *Contrapunto cubano del tabaco y azúcar*, Enrico Mario Santí (ritstj.), Madrid: Cátedra, 2002, bls. 254–262.

30 Ángel Rama, *Transculturación narrativa en América*, México: Siglo XXI, 1982, bls. 33.

31 Manuel Baeza, *Los caminos invisibles de la realidad social: Ensayo de sociología profunda sobre los imaginarios sociales*, Santiago, Síle: Red Internacional del Libro, 2000.

32 Magda Sepúlveda, „La construcción de identidades, sus imaginarios y su posición en la literatura“, *Taller de letras* 32/2003, bls. 67–78. Sjá enn fremur skrif Stryker og Burke, „The Past, Present, and Future of an Identity Theory“, *Social Psychology Quarterly*, American Sociological Association 4/2000, bls. 287–297.

Þjóðfélag verður til og er skapað af einstaklingunum sem það byggja því þeir hafa ákveðnar sameiginlegar hugmyndir um hvernig heimurinn er eða á að vera.³³ Einstaklingurinn velur fyrirmyndir, gildi eða viðhorf og skapar eigið „sjálf“ samkvæmt því. Af því leiðir að sjálfsmyndir einstaklinga og hópa verða nátengdar.³⁴ Í stuttu máli sagt er um það að ræða að menningar- og félagslegur bakgrunnur einstaklingsins stýrir því hver honum finnst hann eða hún vera.³⁵ Einnig mætti útfæra hugmyndina með því að það sé úr þessum bakgrunni sem við veljum hver við viljum og ætlum að vera. Mótun persónulegrar sjálfsmyndar verður þannig, eins og spænski fræðimaðurinn Angel Castiñeira kemst að orði, ferli þar sem „[...] einstaklingurinn skapar sér ímyndaða sjálfsmynd í samspili við þá sem í kringum hann eru. [...] Hún er samsett úr þeim fjölmörgu ólíku fyrirmyndum sem umhverfið ber honum á borð“ og verður „[...] saga í sífelltri mótun“.³⁶ Fræðimenn leggja áherslu á að andlegt heilbrigði sé nátengt skilningi mannsins á „sjálfum sér“ og ef sjálfsmynd okkar er ekki sæmilega vel mótuð verðum við það sem argentínski félagsfræðingurinn Enrique del Acebo Ibáñez kallar rótlaus, vansæl og óheilbrigð í félagslegum skilningi.³⁷

Þegar sjónum er sérstaklega beint að Kostaríku og lýsingu Rossi á aðstæðum og sögu íbúanna blasir við að á Karíbahafsströndinni er að finna samfélög frumbyggja, afkomenda Evrópumanna, blökkumanna, mestísa (blendinga hvítra og indíána), múlatta (blendinga svartra og hvítra), sambóa (blendinga blökkumanna og indíána),

33 Cornelius Castoradis, *The Imaginary Institution of Society*, Cambridge: Polity Press, 1987, bls. 3.

34 Manuel Montobbio, „Sobre la identidad de la identidad en la era de la globalización“, *Revista de Occidente* 352/Septiembre 2010, bls. 130–159, hér bls. 132.

35 Í ofanefndri grein er vísað í tilvitnun frá Maríu Zambrano sem leggur áherslu á að meðlimir tiltekins samfélags „deili sýn á vörldina“ (bls. 133). Ætlast sé til að einstaklingurinn samþykki tiltekin viðmið, yfirvald og hefðir.

36 „[...] el individuo, en interacción con los demás va forjando un ideal del yo [...] de cualidades o atributos obtenidos de la diversidad de modelos que los diferentes grupos de su sociedad ofrecen [...] un relato que vamos construyendo [...], Ángel Castiñeira, „Naciones imaginadas: Identidad personal, identidad nacional y lugar de memoria“, ritstjórar Resina og Winter, *Casa encantada. Lugares de memoria en la España constitucional (1974–2004)*, Madrid: Iberoamericana, 2005.

37 Enrique del Acebo Ibáñez, *Félagsfræði rötfestunnar: Hugmyndir um mótun borgarsamfélagsins*. Ritstjórn og umsjón Þjóðingur Hólmfríður Gardarsdóttir og Helgi Gunnlaugsson, Reykjavík: Háskóla-útgáfan, 2007. Sjá frekari umfjöllun um kenningar Ibáñez í greininni: „Ríkjandi rötleysi: Dáðleysi ungra manna í mexíkóskum stórborgarmyndum“, *Ritið* 2/2010, bls. 121–143.

fólks af arabískum og asískum uppruna, og fleiri. Þessi fjölbreytileiki endurspeglast þó ekki í ímynd þjóðarinnar – hvorki þeirri sem haldið er á lofti innanlands, né heldur þeirri sem lengst hefur lifað á alþjóðavísu – um einlitt samfélag afkomenda Evrópumanna. Kostaríski sagnfræðingurinn Quesada Soto hefur rannsakað byggðasögu landsins og komist að þeirri niðurstöðu að ríkjandi hugmyndir um Kostaríku séu að hún sé „land hinna hvítu“. Land þar sem blöndun kynþátta og menningar sé takmörkuð og þróunarstig sé sambærilegt við Vesturlönd. Hann leggur áherslu á að þetta séu ranghugmyndir og þær beri að varast.³⁸ Samlandi hans, félagsfræðingurinn Ronald Soto-Quiros, útskýrir að þessi viðhorf ráði enn fremur viðhorfum landsmanna til íbúa nágrannaríkja og að evrópsk menningararfleifð og hörundslitur íbúanna hafi mótað sjálfskilning og sjálfsmynd þjóðarinnar.³⁹

Fræðimaðurinn Ronald N. Harpelle leggur áherslu á að í kostarísku samhengi mótist tengsl „okkar“ (hinna hvítu) og „hinna“ (þeirra lituðu) af því að íbúar hásléttunnar, fyrst höfuðborgarinnar Cartago og síðar núverandi höfuðborgar San José, telji sig kjarna þjóðarinnar, þ.e. rétthafa hins kostaríska „sjálfs“. Þeir eru afkomendur evrópskra landvinningamanna og hafa haldið um valdataumana frá upphafi: Þeir álíta sig fulltrúa „hinnar raunverulegu Kostaríku“.⁴⁰ Hins vegar séu „hinir“ fyrst og fremst íbúar jaðarsvæða, t.d. á Karíbahafsströndinni þar sem hafnarborgin Limón „er framandleg og íbúarnir af afrískum uppruna“.⁴¹ Harpelle fjallar enn fremur um karllæga ímynd þjóðarinnar og bendir í umræðu sinni um Karíbahafsströndina og svæðið í kringum hafnarborgina Limón á að „mikilvægur hópur sem alltaf er horft fram hjá eru konurnar sem komu í héraðið sem dætur, systur, eiginkonur og mæður verkamannanna. [...] Eigi að síður komu þúsundir kvenna

38 Álvaro Quesada Soto, *Uno y los otros: Identidad y literatura en Costa Rica 1890–1949*, San José, Costa Rica: Editorial Universidad de Costa Rica, 1998, bls. 32.

39 Ronald Soto-Quiros, „Imaginando una nación de raza blanca en Costa Rica: 1821–1914“, sjá <http://alhim.revues.org/index2930.html> [sótt í september 2011].

40 „the real Costa Rica“, Ronald, N. Harpelle, *The West Indians of Costa Rica*, bls. 18.

41 „is exotic, populated by people of African descent“, sama rit, bls. XIII og bls. 21. Undir þessa framsetningu tekur Mauricio Meléndez Obando í bókarkafnanum „The Slow Ascent of the Marginalized: Afro-Descendants in Costa Rica and Nicaragua“, *Blacks & Blackness in Central America. Between Race and Place*, bls. 335.

í héraðið“.⁴² Og það er ekki hvað síst í ljósi þessara ummæla sem skáldverk Anacristina Rossi *Limón Blues* og *Limón Reggae* reynast verðugur efniviður til rannsókna á mótun sjálfsmynnda, þjóðareinkennum og sögu kvenna.

Rossi byggir verk sín á ítarlegri rannsóknarvinnu um sögu og menningu landsvæðisins og á eigin reynslu, því þó að Rossi sé fædd í San José er hún að hluta alin upp í hafnarborginni Limón og er af blönduðum uppruna eins og flestir íbúar borgarinnar. Rossi tekur að sér að skrifa arfleifð minnihlutahópa inn í bókmenntir landsins og leggur sitt af mörkum til þess sem Quince Duncan hvatti til að gert væri, að „vegsama fjölmenningu og ólíkan uppruna íbúa Kostaríku“.⁴³

3. *Limón Blues*

Í *Limón Blues* birtist aðalpersónan Orlandus Robinson okkur strax á fyrstu síðum skáldsögunnar. Hann er blökkumaður frá Jamaíku, sem kominn er til hafnarborgarinnar Limón í Kostaríku að áeggjan móður sinnar. Hann er á leið til þorpsins Cahuita sem staðsett er á ströndinni um 60 km sunnan við Limón. Ætlun hans er að rækta upp landspildu sem fjölskyldan hefur eignast í því skyni að vinna sér inn fé og snúa síðan aftur til heimalandsins. Þetta er árið 1904 og um leið og þroskasaga Orlandusar lýkst upp fyrir lesandanum er byggðasaga Karíbahafsstrandarinnar opinberuð.⁴⁴ Ungi farandverkamaðurinn er á jaðri samfélagsins og samtímis því sem sjálfvitund hans vaknar leiðir Rossi lesandann um þann flókna vef mannlífs og menningar sem er í mótun á svæðinu. Skáldsagan

42 „one important group that is always overlooked are the women who arrived in the region as daughters, sisters, wives, and mothers of the workers. [...] Nevertheless, thousands of women did make their way to the region“, Ronald N. Harpelle, sama rit, bls. 13–14. Í bókinni *Blacks & Blackness in Central America* fjallar hann enn frekar um stöðu kvenna og segir: „[...] and women, when they do appear, are usually just a footnote in a male-centered story of conquest“, bls. 309.

43 „enaltecer el carácter pluricultural y multiétnico del pueblo costarricense“, Quince Duncan, *Contra el silencio: afro descendientes y racismo en el Caribe continental hispánico*, San José, Kostaríka: EUNED, 2011, bls. 211.

44 Patricia Alverenga Venotolo, „La inmigración extranjera y la nación costarricense“, Heredia, Costa Rica: Universidad Nacional, sjá: <http://www.denison.edu/istmo/articulos/inmigracion.html> [sótt í september 2011].

Limón Blues segir því ekki aðeins persónulega sögu Orlandusar, heldur ekki síður sögu kostarískra blökkumanna. Hún byggist á ítarlegri söguskoðun og rannsóknarvinnu þar sem stjórn mála-, efnahags- og byggðaþróun er sett fram sem baksvið félagslegra aðstæðna. Hún veitir innsýn í þróun sjálfsmyndar jaðarhópa þar sem lesandinum verður smám saman ljóst að kvenkyns persónur sögunnar mynda öxul innflytjendasamfélagsins. Skáldsagan hverfist um sjálfsmyndir og ímyndir þjóðarinnar þar sem Rossi teflir einfölduðum og rótgrónum hugmyndum fram gegn margsamsettum veruleika svæðisins sem við blasir.

Karlpersónur Rossi virðast óöruggari með sig en konurnar í þessu framandlega umhverfi. Þeir leita rötfestu með því að stofna um sjálfa sig og hugmyndir sínar ýmis félög og samtök. Markmið þeirra er að auka pólitíska vitund íbúanna. Þeim tekst hins vegar ekki ætlunarverkið og áætlanir þeirra misheppnast. Þeir nýta erlendar fyrirmyndir en yfirsést að aðlaga þær aðstæðum. Þeir leita á vissan hátt langt yfir skammt og berjast fyrir því sem virðast óraunsæjar talsýnir. Samtímis virðast kvenpersónur Rossi í meira og beinna sambandi við menningarlegt umhverfi sitt. Þær eru hagsýnni, ætla sér minna, og eru raunsærri í vali á viðfangsefnum og verkefnum. Þær miða verkefni sín við þann veruleika sem þær hafa í kringum sig en ekki þann sem gæti e.t.v. orðið.

Nanna móðir Orlandusar er fyrsta kvenpersónan sem lesandinn kynnist. Henni er teflt fram sem fulltrúa afkomenda afrískra þræla á eyjum Karíbahafsins. Í henni kraumar menningararfleifð Jamaíku, samfélags blökkumanna þar sem 300 ára gamlar hefðir og gildi eru enn í hávegum höfð. Nanna verður persónugervingur áhrifa þrælaverslunarinnar og Afríku á svæðinu. Hún iðkar „santería“ fjölgyðistrú af ástríðu, býr yfir þekkingu á lækningamætti jurtaríkisins og á í dularfullu sambandi við framliðna forfeður, eins og ítrekað kemur fram í texta Rossi. Áhrif móðurinnar á atburðarás sögunnar minna lesandann stöðugt á hvaðan sögupersónurnar koma og hvaða gildismat þær ólust upp við. Tilraunir þeirra til að endurskapa sjálfsmynd sína í nýju umhverfi hverfast um tiltekinn menningarbundinn öxul. Þær komast aldrei langt frá þeim félagslega valdaás sem kynþáttur

þeirra og kyn mynda.⁴⁵ Orlandus er frumburður Nönnu og hún hefur miklar væntingar til hans – væntingar sem smám saman fara að íþyngja syninum og verða að kvöð. Með því að leggja hart að sér, vera ósérhlífinn og trúr uppruna sínum, telur hún að honum muni takast að vinna sér verðugan sess í samfélaginu (bls. 85, 98, 130). Móðirin stendur þétt að baki syni sínum, sama á hverju gengur, en við ofurefli er að etja. Valdapírámídi samfélaga við Karíbahaf er mótaður af darvinskum hugmyndum um atgervi kynþáttanna og hugmyndum feðraveldisins um hlutverk og verkaskiptingu karla og kvenna.⁴⁶

Allt breytist þegar hinn ungi Orlandus kemur til Limón. Þar kynnist hann Leonóru – „konu ráðherrans“,⁴⁷ fjárhagslega sjálfstæðri konu sem er nokkru eldri en hann. Hún hefur erft land og rekur búgarð nærri þorpínu Guácimo. Leonóra er kynblendingur, múlatti, og ber sig eftir því sem hún ásælist. Orlandus gerir sitt besta til að standast aðdráttarafl hennar en hún tælir hann til fylgilags við sig og með þeim tekst ástríðufullt ástarsamband sem ruglar Orlandus í ríminu (bls. 47). Fyrirætlanir hans breytast. Landspildan í Cahuita bíður og hann lætur stjórnast af girnd til Leonóru. „Blakkur minn“,⁴⁸ eins og hún kallar hann, missir fótanna og þegar eiginmaðurinn kemst að ástarsambandi þeirra er líf Orlandusar í hættu. Hann kemur sér í burtu en eirir hvergi. Hann er í framandi umhverfi og er bæði félags- og menningarlega rótlaus. Hann hefur brugðist væntingum móður sinnar og tapar áttum.

Leonóra lætur hins vegar hvorki ráðskast með sig né kúga. Hún bendir eiginmanni sínum á að hennar langanir séu jafngildar hans eigin, að almennt viðurkenndur réttur karlmanna til fjöllyndis sé ekki frá almættinu kominn né hafi þeir á honum einkarétt. Hennar

45 Bent er á umræðu um félagslega valdaása, „intersections“, í tengslum við sköpun sjálfsmýnda einstaklinga og val á fyrirmyndum í Berger, Michele Tracy og Katherine Guidroz (ritstj.), *The Intersectional Approach. Transforming the Academy through Race, Class and Gender*, Chapel Hill: The University of North Carolina Press, 2009.

46 Sjá umfjöllun höfundar í greininni: „La mujer de color: Diáspora globalizadora de la subalternidad“, *Serie VII de HAINA*, Gautaborg: Gothenburg University, 2007, bls. 171–183.

47 „[...] la mujer del ministro“, Rossi, *Limón Blues*, bls. 39.

48 Rossi lætur hana kalla Orlandus „mi negro“, bls. 54.

ástríður séu jafngildar hans og hún samþykki ekki að langanir eiginmannsins skipi æðri sess en hennar eigin – og fer aftur af stað í leit að nýjum „Blakk“. Persóna Leonóru í textanum gegnir margs konar hlutverki. Eitt þeirra felur í sér að opinbera rótgróin viðmið feðraveldisins og ítök þess. Enn fremur að varpa fram spurningum um fjölmenningslegt samfélag svæðisins. Í Leonóru birtast Orlandusi framandi gildi og viðmið og hann heillast af hvoru tveggja. Áhugi Leonóru á „afrískri tónlist, dansi og dönsurum“⁴⁹ undirstríkar leit hennar að rótum sínum og að þeim bakgrunni sem mótar sagnaminnin sem hún ólst upp við og gerir tilraun til að samþætta inn í hversdagslega tilveru sína. Í *Limón Blues* blasir við hvernig Rossi teflir fram aðstæðum sem kallast á við kenningar Fernados Ortiz, eins og þær birtast í grein hans: „Félagslega fyrirbærið „menningartilfærslur“ og mikilvægi þeirra á Kúbu“.⁵⁰ Þar fjallar hann um „gagnvirkar tilfærslur menningartengdra fyrirbæra“ og lýsir hvernig þessar tilfærslur eiga sér stað.⁵¹ Þær geta, eins og áður segir, umbreytt, smitað út frá sér eða tekið völdin. Þær geta enn fremur falið í sér afmenningu, þ.e. leitt til þess að tiltekið fyrirbæri verði undir, hverfi og glati mikilvægi sínu (bls. 258). Lesandanum verður smám saman ljóst að allar sögupersónur Rossi eiga í átökum við sjálfar sig. Þær verða að velja hvaða menningarforbæri vega þyngst, skipta mestu máli og kemur sér best að varðveita. Menningarþróun á þessu svæði felur í sér sífella endurskoðun og aðlögun því nýir og nýir leikarar stíga á svið. Karíbahafsströnd Kostaríku við upphaf síðustu aldar, eins og hún birtist í *Limón Blues*, er menningarlega í stöðugri mótun og viðmið íbúanna við mótun sjálfsmynda sinna er óstöðug og hverful.

Eftir að Orlandus slítur sambandi sínu við Leonóru flækist hann um stefnulaust uns hann snýr aftur til Jamaíku. Þar kynnist hann Írenu Barrett (bls. 101), ungrri hávaxinni kennslukonu, dóttur manns frá Jamaíku og móður frá Dóminíska lýðveldinu. Með þeim þróast samband sem byggist á gagnkvæmri virðingu og því að:

49 „[...] en la música africana, el baile y los danzantes.“ Rossi, *Limón Blues*, bls. 61.

50 Fernando Ortiz, „Del fenómeno social de la „transculturación“ y de su importancia en Cuba“, *Contrapunteo cubano del tabaco y azúcar*, 2002, bls. 254–262.

51 Ortiz notar hugtökin „transmutaciones de culturas“ en talar einnig um að „la transculturación expresa mejor las diferentes fases del proceso transitorio de una cultura a otra“, bls. 257.

„þau skildu hvort annað fullkomlega frá upphafi“.⁵² Menntun Írenu, starfsreynsla og tungumálaþekking gera henni fært að starfa víða og hún samþykkir að flytjast til Kostaríku með manni sínum.

Það er ekki hvað síst fyrir tilstilli Írenu að lesandinn kynnist hafnarborginni Limón og umhverfi hennar. Eftirtektarsemi hennar og ígrundaðar athugasemdir auðvelda lesandanum dýpri skilning á atburðum, félagslegum aðstæðum og menningu svæðisins. Frá sjónarhóli Írenu blasir framandleikinn við – Limón er öðruvísi.

Í Limón bjó hrifandi fólk. Það talaði fagaða ensku. Klæðnaður þess var tilkomumikill og frásagnir þeirra sérstæðar. Það sótti leynilegar helgi-athafnir á stöðum sem kallast „logias“. Íbúarnir eru mótmælendatrúar og Elísabet Bretadrottning er þjóðhöfðingi þeirra [...]. Vinsælustu viðburðirnir snúast um upplestur, söng og dans. Þeir æfa krikket og stunda veðreiðar.⁵³

Smám saman gerist það að Orlandus glatar hlutverki sínu sem aðalpersóna sögunnar og kvenpersónurnar taka sögusviðið yfir. Þær verða málþípur höfundar en Orlandus fjarrænn, þögull og hverfur að lokum baksviðs. Hann leitar viðurkenningar í pólitískri starfsemi sem snýr að réttindabaráttu blökkumanna í borginni. Hugmyndir *Marcusar* Garveys um Afríku sem fyrirheitna landið og afturhvarf blökkumanna þangað heilla hann.⁵⁴ Hann leitar að félagslegri samsömun í útópískum hugmyndum um draumalandið.⁵⁵ Á sama tíma og kvenpersónur Rossi, sem einnig taka þátt í starfsemi samtakanna, eru raunsærri, jarðtengdari og miða verk sín við að ná

52 „[...] se entendieron divinamente desde el comienzo.“ Rossi, *Limón Blues*, bls. 102.

53 „En Limón vivía gente fascinante que hablaba un inglés exquisito, se vestía de modo espectacular, cantaba cosas extraordinarias y tenía rituales secretos en unos sitios llamados logias. Eran de religión protestante y su autoridad era la reina Isabel de Inglaterra [...]. Sus actividades preferidas eran la declamación, el canto y el baile. Sus deportes, el cricket y las carreras de caballos“, Rossi, *sama rit*, bls. 374.

54 Marcus Garvey, betur þekktur sem McGarvey (1887–1940) var frá Jamaíku. Hann var mikilsvirtur baráttumaður fyrir réttindum blökkumanna. Hann fór fyrir svokallaðri „Back-to-Africa“ hreyfingu í byrjun 20. aldar. Til frekari upplýsinga sjá rannsóknarsetur Berkley-háskóla um manninn, verk hans og áhrif: www.international.ucla.edu/africa/mgpp/ [sótt í september 2011].

55 Rossi, *Limón Blues*. Í 15. kafla fjallar Rossi um félagasamtök blökkumanna í Limón og hvernig félagsmenn sækja hugmyndir sínar til kenninga *Marcusar* Garveys. Orlandus „las greinar eftir hann í *The Negro World*“ (bls. 199) [...] og „þeir sungu einkennislag UNIA-hreyfingarinnar *Ethiopia the land of our fathers*“, bls. 202.

árangri í daglegu lífi og hversdagslegri tilveru, heldur Orlandus í siglinguna miklu en nær ekki landi í Nígeríu og kemur niðurbrotinn maður til baka horfinn í eigin hugarheim.

Um leið og kvenpersónur Rossi eru sjálfstæðir gerendur í eigin lífi þá staðfesta þær aldagamlar hugmyndir um konur og væntingar karla til þeirra. Í Nönnu, Leonóru og Írenu hittum við fyrst hina allt-um-lykjandi, alltaf-til-staðar móður sem ástundar forn trúarbrögð og þekkir töframátt náttúrunnar. Því næst hina ægifögru seiðandi ástkonu, Leonóru, sem á þátt í að koma Orlandusi til manns. Að lokum birtist raunsæja, áreiðanlega, góðhjartaða, glæsilega konan sem hann giftist og stofnar með fjölskyldu. Konurnar birtast hver um sig á sögusviðinu til að fullkomna mynd Orlandusar, en smám saman taka þær það yfir og við lesandanum blasir einhvers konar heildarmynd íbúasamfélags Karíbahafsvæðis Kostaríku. Rossi skapar trúverðuga mynd af kvenpersónum sínum um leið og hún bregður upp mynd af íbúum svæðisins þar sem menningartilfærslur eru daglegt brauð. Hefðbundnum hugmyndum um íbúa Kostaríku er ögrað og um leið viðteknum hugmyndum um samskipti og hlutverk kynjanna.

4. *Limón Reggae*

Í *Limón Reggae* er lesandinn staddur á sama landsvæði og á sömu margmenningarlegu gatnamótunum og hann var staddur á í *Limón Blues*. En sagan gerist á öðrum tíma og sjónarhornið er annað. Aðalpersóna og söguhetja bókarinnar er Lára, ung stúlka, dóttir líbanskrar móður og föður sem er frá Limón-borg og af blönduðum uppruna. Foreldrar Láru hafa verið búsettir í höfuðborginni San José en jaðarstaða þeirra í samfélaginu rennur smám saman upp fyrir Láru. Hörundslitur hennar, tungutak og fjölskyldusamsetning undirstrikar sérstöðuna og á unglingsárunum, þegar hún þarf á því að halda að tilheyra umhverfinu, leitar hún skjóls hjá móðursystur sinni í Limón í von um að falla betur inn í félagsgerðina þar. Maroz frænka hennar er sjálfstæð kona, stolt af arabískum uppruna sínum. Hún tekur virkan þátt í réttindabaráttu minnihlutahópa og orð hennar gegn hefðum karlaveldisins vekja athygli Láru. Maroz

aðstoðar frænkuna ungu í tilraunarkenndri leit að haldbetri sjálfsmynd og -vitund með því að nefna hana arabíska gælunafninu Aisha. Aisha reynir að greina sig frá foreldrum sínum og frá sársauka þeirra yfir því að vera sífellt talin í hópi „hinna“.

En Limón reynist ekki sá sælureitur sem Lára vonaðist eftir. Sem „Aisha“ nálgast hún hóp baráttufólks fyrir auknum lýðréttindum blökkumanna í fylgd æskuvinar síns Percival, sem nú kallar sig Ahmad (bls. 27) og fylgir hugmyndum Marcusar Garveys og Svörtu hlébarðanna en þátttöku hennar er hafnað.

Why youh call har árabe? segir félagi Sýlvía. She plain pañagirl [...]. Hún er meiri arabi en hvítingi og heitir Aisha, svarar Percival. [...] Já, já! hrópar Sýlvía háðslega. Árabe to 'r ass! Hún er hvítari en baunakássa. Aisha you say? Nobody calls her dat. Talar hún kannski arabísku? Er hún múslimi?⁵⁶

Á vettvangi réttindabaráttunnar er hún ekki nógu svört, og á það bæði við um hörundslit hennar og menningu þó að hún deili sameiginlegri reynslu og hafi enskuna fullkomlega á valdi sínu. Og jafnvel þótt réttindabaráttan beinist gegn ríkjandi einsleitri hugmynd um íbúa Kostaríku þá er samt ekki rúm fyrir alla innan þeirra raða. Það rennur upp fyrir Aishu að hún á enga aðkomu að þessari tilteknu baráttu. Í takt við hugmyndir Garveys ítrekar einn félaginn að Lára sé „hluti hvítræðisins“.⁵⁷ Lára/Aisha stendur frammi fyrir margfaldri útskúfun og jaðarstöðu. Hún og hennar líkar eiga – að því er virðist – engan samastað. En Lára hættir ekki – hún snýr sér annað. Fyrst að vinstrisinnuðum baráttuhópum innan háskólasamfélagsins og síðan að skæruliðahreyfingum Mið-Ameríku.

Stór hluti skáldsögunnar segir af virkri þátttöku Láru í pólitískum átökum Mið-Ameríkuríkjanna á áttunda áratug tuttugustu aldar

56 „Why youh call har árabe? She plain pañagirl –me increpa Sýlvía. Porque es más árabe que paña, su verdadero nombre es Aisha – le respondo. Ja ja ja! –exclama Sýlvía sarcástica-. !Árabe to 'r ass! Más paña que el gallo pinto. Aisha you say? Nobody calls her dat. ¿Habla árabe acaso? ¿Es musulmana?” Rossi, *Limón Reggae*, bls. 47. Baunakássan er þýðing á hugtakiinu „gallo pinto“ sem í Kostaríku vísar til hefðbundins morgunverðar íbúa hásléttunnar þar sem hrísgrjóna – og baunafgangar gærdagsins eru hitaðir upp á pönnu.

57 Rossi býr til hugtakið „blancocracia“, bls. 48, og vísar til valdastétta og stjórnkerfis landsins.

– aðallega í El Salvador. Hulunni er svipt af aðstæðum, aðbúnaði og blóðugum átökum. Hryllingur borgarastríðsins blasir við án þess að nokkuð sé dregið undan. En Limón heldur áfram að vera ímyndaður griðastaður Lára og það er þangað sem hugurinn leitar þegar hættur steðja að. Reggae-tónlistin, tónlist Karíbahafsins birtist sem tákngervingur upprunans – „tónlist blökkumanna, tónlist Afríkumanna sem lýsir örvæntingu og skerpis baráttuna“.⁵⁸ „Verjið réttindi ykkar“ og „gefist ekki upp í baráttunni“, syngur Bob Marley og stappar í hana stálinu. Lára uppgötvar smám saman að innan byltingaraflanna er það hvorki heiðarleiki né gagnsæi sem ræður ríkjum. Vald spillir þar eins og annars staðar og karlaveldið stendur traustum fótum. Kvenréttindi eru fótum troðin og aðstæður kvenna eru óviðunandi, þær eru einfaldlega þær sömu og annars staðar í samfélaginu. Konurnar eru sífellt að taka við skipunum, framkvæma það sem félagar þeirra ákveða jafnvel þótt þeir séu jafn óreyndir, óöruggir og fávísir um hernaðartækni og skipulag og þær.

Lára vekur athygli á þessum aðstæðum og spyr um „nýju konuna“ við hlið hins margumtalaða „nýja manns“, þ.e. upplýsta menntamannsins að fyrirmynd „el Che“ (bls. 125). Viðbrögðin láta ekki á sér standa og karlkyns yfirmenn hennar innan hreyfingarinnar bregðast ólundarlega við: „Æ, þessar efasemdir þínar alltaf. Óvinur okkar er kapítalisminn. Kúgun kvenna hverfur þegar kúgun karla verður upprætt. Og það er ekkert orðagjálfur.“⁵⁹ En Lára sér engin teikn á lofti og maldar í móinn. Hún bendir á baráttu Svörtu hlébarðanna, á réttindabaráttu kvenna og vill að málefni þeirra verði formlega rædd. En viðbrögðin eru föðurleg viðurkenning á framlagi hennar og ítrekun á því að ástandið sé grafalvarlegt og ekki tími til að ræða jafnréttismál þegar fólk er strádrepið á hverjum degi.

Þau fundu líkamsleifar sem virtust vera af smávöxnum syni hennar. Hermennirnir höfðu mölvað höfuð hans og höggvið af honum fæturna. Fyrst fann Aisha ekki fyrir neinu. Yfir hana lagðist kuldalegt tómlæti og vantrú. Síðan sinnuleysi þess sem hefur verið deyfður. Þegar bardögum

58 „[...] una música negra, una música afro, desesperada y rebelde.“ Rossi, sama rit, bls. 107.

59 „Ah, qué vainas las tuyas, vos. El enemigo es el capitalismo. La opresión de las mujeres desaparecerá cuando desaparezca también la del hombre. Y no es asunto de lenguaje.“ Rossi, sama rit, bls. 126.

linnti leituðu þau í skóglendið. Þar brotnaði hún saman. [...] Áfallið náði tókum á henni. [...] Hún sneri ekki aftur.⁶⁰

Lára ákveður að draga sig í hlé og leita skjóls í uppruninum, í Limón. Hún er niðurbrotin á sál og líkama og útskýrir fyrir fólkinu sínu að hún „finni svo mikið til“. Hún finni sérstaklega til með litlum dreng. „Nei, mamma, ég giftist ekki, ég eignaðist ekki son, ég fékk hann [...]. Nei, hann var ekki fallegur, hann var eiginlega ófríður. [...] Hann var átta ára þegar hann var drepinn. Hann var á stærð við fjögurra ára barn.“⁶¹ Hún leggst í dvala og tvö ár líða, þar til „dag einn reis Aisha úr rekkju“.⁶² En Limón sem hún vaknar til hefur lítið breyst. Sundrung ríkir meðal kynþátta og þjóðarbrota svæðisins og skortur á sameiginlegum samnefnara stendur í vegi fyrir umbótum. Aldagömul jaðarstaða elur á tortryggni og áframhaldandi kúgun stuðlar að óþoli og óróa. Svartir og hvítir, mestísar og múlattar, sambóar, arabar, Kínverjar og aðrir minnihlutahópar búa við aðskilnað. Og þegar hún nálgast gömlu félagu sína og vekur máls á aðstæðum er svarið: „Við erum afrísk“; „við erum svört, við erum afkomendur Afríku“.⁶³ Ár hafa liðið en Lára verður vitni að því hvernig hver hópur heldur áfram að leggja áherslu á sérstöðu sína og berjast gegn málamiðlunum. „Ég“ og „hinir“ eru skýrt afmarkaðar einingar og Lára veit hvorki hvernig hún á að beina orðum sínum að fyrrverandi félögum né „þorir hún að tala við þá“.⁶⁴

5. Skyggst í skúmaskotin

Þegar sjónum er beint að þeim fjölsamsetta veruleika sem Rossi dregur upp og spurt um félagslegar sjálfsmyndir koma kenningar

60 „Encontraron un desecho que parecía ser su hijo diminuto. Los soldados le habían destrozado la cabeza y cortado los pies. Al principio Aisha no sintió dolor. Le cayó una indiferencia sarcástica e increíble. Después una indiferencia de persona anestesiada. Cuando bajó la actividad del ejército, subieron a un bosque frío. En ese bosque Aisha se desmoronó. [...] El peso de la pérdida la lastró. [...] No regresó.“ Rossi, *Limón Reggae*, bls. 190.

61 „Me duelen tanto las cosas. [...] Me duele un hijo. No mami, no me he casado, no lo tuve, me llegó, no, no era bonito, era feo, [...] Cuando murió a sus ocho años tenía el tamaño de un chiquito de cuatro.“ Rossi, sama rit, bls. 191.

62 „Pasan casi dos años. Y un día Aisha se levanta [...]“, Rossi, sama rit, bls. 192.

63 „Somos africanos“, „somos negros, somos afrodescendientes.“ Rossi, sama rit, bls. 197 og 196.

64 „[...] ni se atreve a hablar con ellos.“ Rossi, sama rit, bls. 196.

Kimberlé W. Crenshaw upp í hugann. Hún hefur í skrifum sínum um félagslega valdaása (e. *intersections*) fjallað um mótun sjálfsmynda og varað við þeirri einföldun sem ráðið hefur umræðunni undanfarna áratugi.⁶⁵ Áhugi hennar beinist sérstaklega að afgerandi áhrifum kynþáttar, kyns og stéttar þegar kemur að myndun sjálfsmyndar. Fræðimaðurinn Summer Woo gengur enn lengra. Hún rannsakar sérstaklega áhrif þess að vera af tveimur eða fleiri kynþáttum og segir að slíkir einstaklingar „standi síendurtekið frammi fyrir hrópandi mótsögnum þegar kemur að því að skilgreina félagslega og persónulega sjálfsmynd sína“.⁶⁶ Hún leggur áherslu á nauðsyn þess að ungmenni af blönduðum uppruna sem takast á við sjálfsmyndarsköpun þarfnist jákvæðra fyrirmynda.⁶⁷ Dora Pulido-Tobiassen og Janet González-Mena taka í sama streng. Þær vara við því að ungmenni af blönduðum uppruna verði að „setta mótsagnakennd skilaboð um hver þau eru og hvert hlutverk þeirra sé í samfélagi sem úthlutar forréttindum til hvítra en lítur niður á litaða“.⁶⁸ Einstaklingur af blönduðum uppruna stendur andspænis erfiðum hindrunum jafnhliða því sem hún eða hann tekst á við sömu fordóma og blökkumenn. Rossi lætur afkomendur Orlandusar og Irene annars vegar og Láru/Aishu hins vegar takast á við kynþáttafordóma jafnt frá hvítum sem svörtum íbúum Kostaríku. Lára er dæmd út á jaðarinn því, eins og Pulido-Tobiassen og González-Mena benda á: „þá gera almennar skilgreiningar okkar á kynþætti ekki ráð fyrir börnum sem ekki eru „þessi“ eða „hinn“, heldur „báðir“ eða „margir““.⁶⁹ Dominique Michel-Peres hefur

65 Kimberlé Crenshaw o.fl., *Critical Race Theory: The Key Writings that Formed the Movement*, New York: New Press, 1995.

66 Summer Woo, „The Radical Identity of Asian American/White Children and Experiences of Race“, sjá: <http://www.allacademic.com/> [sótt í september 2011]. Þar segir hún; „continually face ambiguities and contradictions when defining their social and personal identity“, bls. 2.

67 Sama rit, bls. 3.

68 Janet González-Mena og Dora Pulido-Tobiassen, „Apoyando el desarrollo de una identidad sana“, sjá: [http://teachingforchange.org/files\(022-B\).pdf](http://teachingforchange.org/files(022-B).pdf) [sótt í september 2011]. Þar segja þær; „reconciliar los mensajes conflictivos acerca de quiénes son y su valor en una sociedad que concede privilegios a la gente con piel blanca y devalúa a la gente de piel oscura“, bls. 1.

69 „los usos comunes de las categorías raciales no toman en cuenta un niño que no es ‘uno’ o ‘el otro’, sino que es ‘ambos’ o ‘muchos’“, sama rit, bls. 4. Sjá enn fremur hugmyndir Philips M. Browns þar sem hann staðhæfir að einstaklingar af blönduðum uppruna lendi í sálfræðilegum jafnt sem félagslegum erfiðleikum þegar að því kemur að velja sér fyrirmyndir og samfélagslegan samastað. Philip M. Brown, „Biracial Identity and Social Marginality“, sjá: <http://www.springer-link.com/content/g87216837t5427n3/> [sótt í september 2011, bls. 320].

útskýrt að áreitið sem af þessu skapast fyrir einstaklinginn geti haft djúpstæð áhrif. Hún lýsir þeim erfiðleikum sem þessir einstaklingar standa frammi fyrir þegar að því kemur að skilgreina sjálfsmynd sína og ræðir hvernig margs konar kynblöndun gerir þá að þeim sem þeir eru. Umhverfið, segir hún, gerir hins vegar kröfu til þess að hver og einn tilheyri tilteknum þynþætti og samfélagið ætlast til þess að einstaklingurinn velji ákveðinn kynþátt umfram annan.⁷⁰ Lára ásakar þannig sjálfa sig en ekki umhverfið fyrir rótleysi sitt. Hún er knúin til að velja því hver einstaklingur þarf á því að halda til að öðlast félags- og menningarlega rötfestu og finna sig tilheyra tilteknu samfélagi.⁷¹ Lára vegur og metur aðstæður sínar og speglar sig í umhverfinu. Aðferðir hennar staðfesta það sem Crystal Bedley ræðir í grein sinni „The Formation of Multiracial Identity“, en þar bendir hún á þrjár leiðir sem einstaklingi af blönduðum uppruna standa opnar við mótun sjálfsmyndar sinnar.⁷² Í fyrsta lagi ræður fjölskyldusamsetning viðkomandi miklu. Í öðru lagi líkamsburðir og útlit og í þriðja lagi reynsla og aðstæður þeirra hópa sem einstaklingurinn ber sig saman við. Þroskasaga Láru endurspeglar þessa fjölsamsettu uppskrift en staðfestir samtímis áherslur Philips Browns, eins og hann setur þær fram í grein sinni „Biracial Identity and Social Marginality“. Þar undirstrikar hann að einstaklingar af blönduðum uppruna velji alla jafna að skilgreina sig með minnihlutahópum frekar en meirihlutanum. Ástæðuna segir hann vera sameiginlega reynslu útskúfunar og jaðarstöðu. Hann leggur áherslu á að félagseiningin sem viðkomandi velur hafni gjarnan nýliðun vegna þess hversu sjálfsmat hópans er skaddað og veikt.⁷³

Skáldsaga Rossi *Limón Reggae* kynnir okkur fyrir ungri glaðværri stúlku sem á jákvæðar minningar frá æskuárum sínum í hafnarborginni Limón. Þegar hún eldist og leitast við að skapa sitt eigið

70 Dominique Michel-Peres, *Understanding the Identity Choices of Multiracial and Multicultural Afro-European and Black Women Living in Germany: Identifying a Model of Strategies and Resources for Empowerment*, bls. 62, af; www.edoc.ub.uni-muenchen.de/6489/1/Michel-Peres_Dominique.pdf [sótt í september 2011].

71 Jean S. Phinney, „Ethnic Identity in Adolescents and Adults. Review of Research“, *Readings in Ethnic Psychology*, ritstj. Pamela Balls Organista, Gerardo Marín og Kevin M. Chun, Routledge, New York: Routledge University, 1998, bls. 73–99, hér bls. 81.

72 Cristal Bedley, „The Formation of Multiracial Identities“. Sjá: <http://www.allacademic.com/> [sótt í september 2011, bls. 8].

73 Brown, Philip M, „Biracial Identity and Social Marginality“, bls. 333.

sjálf leitar hún þangað eftir öryggi og staðfestingu. En frá bæjar-
dyrum æskufélaganna er hún orðin „hvítari“ og þeir mæta henni
fullir tortryggni.⁷⁴ Lára upplifir að „hið afríska er huliðsheimur
[...]. Læstur [...]“.⁷⁵ Móðursystir hennar, Maroz, útskýrir að þessi
tortryggni sé skiljanleg. Hún sé afleiðing þess óréttlætis sem
þeldökkir íbúar Karíbahafsins hafi mátt búa við um aldir. Hún
útskýrir enn fremur að:

Í fyrstu treystu blökkumenn því að íbúar Kostaríku myndu líta á þá sem
jafningja. En fljótt skildist þeim að þeir voru álitnir óþarfir, óæskilegir og
lægra settir [...]. Þeir hvítu gerðu sitt besta til að tortíma þeim. Stjórnvöld
bönnuðu að þeir væru ráðnir til vinnu. Þeir ráfuðu um göturnar, hálfdauðir
úr hungri, þar til næstum helmingur þeirra ákvað að yfirgefa landið.
Þegar Figueres [forseti] veitti þeim sem eftir voru ríkisborgararétt (árið
1949) réktu sárindi og tortryggni í lokuðu og einangruðu samfélagi
þeirra.⁷⁶

Orð Maroz endurspeglast í sögu Rossi um Orlandus í *Limón Blues*.
Stolt hans og sjálfsvirðing verða fyrir áfalli. Sjálfsmat hans bíður
hnekki og konur taka sér miðlæga stöðu í verkinu. Ungi kotroskni
sögumaðurinn hverfur og fjölradda frásögn kvennanna tekur yfir.
Móðirin, ástkonan og eiginkonan verða táknmyndir flókinna ferla
sjálfsmyndarsköpunar þar sem ekki verður litið framhjá mikilvægi
kynþátta eða kyngervis. Framsetning Rossi, sem er í fullu samræmi
við opinberlega skráða byggðasögu svæðisins, staðfestir orð Jorges
Panesis um að „bókmenntir verði alltaf „hitt skjalasafn sögunnar“.⁷⁷
Skáldsögur Rossi veita þannig persónulega sýn á söguþróun á
Karíbahafsströnd Kostaríku. Hún sviptir hulunni af einfaldri ímynd

74 Rossi notar slanguryrðið „hvítangi“ (sp. *pañía*) þegar málattar Limón tala um Lauru.

75 „El mundo afro es un secreto [...]. Lo cerraron con llave [...], Rossi“, *Limón Reggae*, bls. 104.

76 „Al principio los negro eran cariñosos y confiaban en que los costarricenses los verían como iguales. Pero un día se dieron cuenta de que los paña los consideraban indeseables, inferiores [...] los paña hicieron lo posible por destruirlos. El gobierno prohibió darles empleo, vagaban por las calles muriéndose de hambre, casi la mitad de ellos se tuvo que ir. Cuando Figueres les dio la nacionalidad (en 1949) a los que quedaban, ya era una comunidad muy herida, desconfiada, cerrada, secreta“, sama rit, bls. 38.

77 Jorge Panesi kemst að þeirri niðurstöðu að „los archivos de la historia siempre están adulterados, o pueden ser destruidos. Se conserven o desaparezcan, la literatura será siempre el otro archivo“, bls. 24. Sjá grein hans, „Villa, el médico de la memoria“, *Archivos de la memoria*, Rosario: B. Viterba Editora, 2003.

íbúa heimalandsins og opinberar það flókna ferli sem felst í því að skapa eina sameiginlega ímynd í fjölmenningsarsamfélagi eins og því sem fyrirfinnst á Karíbahafsströnd Kostaríku.

Karlpersónur Rossi, bæði Orlandus í *Limón Blues* og Ahmed í *Limón Reggae*, eru ráðvilltar, rótlausar og þær skortir fyrirmyndir. Þær taka virkan þátt í réttindabaráttu blökkumanna en með því að fylgja innfluttum leiðbeiningum og leiðtogum ná þær ekki árangri. Hugmyndafræði hreyfinganna sem þær fylgja leggur til fyrirfram skilgreindar útfærslur á draumaveröld þar sem málamiðlanir eru nauðsynlegar. Þær eiga sér engar fyrirmyndir og tálsýnin – útópían – gengur ekki upp. Veruleikinn er annar. Samtímis eru kvenpersónur Rossi raunsærri. Þær virðast í meiri tengslum við umhverfi sitt og aðstæður. Þær gera sér betur grein fyrir þeim takmörkunum sem umhverfið setur þeim. Þær veга og meta möguleika sína og ígrunda ýmsar leiðir. Hefðbundið félagskerfi karlaveldisins er veruleikinn sem þær glíma við, jafnt innan minnihlutahópanna sem þær tilheyra sem á landsvísu. Þannig stendur Írena: „þessi guðdómlega drottning lífs míns, félagi minn“,⁷⁸ eins og Orlandus kallar hana, ein og óstudd þegar eiginmaðurinn missir móðinn og lokar sig af. Hún leitar huggunar í faðmi bandaríks læknis af gyðingaættum sem dvelur í Limón og eignast með honum dóttur, ljósa yfirlitum og bláeyga, sem hún kynnir fyrir eiginmanni sínum sem hans eigin. Útlit barnsins útskýrir hún með lítt þekktri en mikilli kynblöndun í fjölskyldum þeirra beggja. Dóttirin, rétt eins og Lára/Aisha í *Limón Reggae*, verður fulltrúi þeirra kynblendinga sem geta ekki orðið hluti af „hinna raunverulegu Kostaríku“, eins og Harpelle orðar það.⁷⁹ Hún og bræður hennar, synir Orlandusar og Írenu, eru til vitnis um þá margþættu kynblöndun sem átt hefur sér stað við Karíbahafsströnd Kostaríku og það umburðarlyndi sem nauðsynlegt er til að lifa og hrærast í fjölmenningsarlegu umhverfi samtímans þar sem það verður viðtekin hugmynd að menn skiptist í andstæða hópa. Kynþáttablöndunin í skáldverkum Rossi táknar sífellda endurnýjun, sköpun nýmenningar, eins og Rama kallaði það og nefnt hefur verið hér að framan. Þessi óstöðugleiki veikir stöðu

78 „[...] esa reina bíblica su mujer, su par.“ Rossi, *Limón Blues*, bls. 128.

79 Ronald N. Harpelle, *The West Indians of Costa Rica*, þar vísar hann til „the real Costa Rica“, bls. 18.

minnihlutans til að gera sig gildandi gagnvart meirihlutanum og verða hluti af ímynd þjóðarinnar.⁸⁰

Spennan milli þess persónulega og þess opinbera verður þannig áberandi í skrifum Rossi og á samhljóm með athugasemdum argentínska fræðimannsins Beatriz Sarlo sem heldur því fram að ekki sé mögulegt að greina félags- og stjórnmál án þess að taka tillit til kyns og kyngervis.⁸¹ Málaflokkarnir séu svo samofnir að þeir verði einfaldlega ekki aðskildir. Í *Limón Blues* staðfesta Nanna, Leonóra og Írena hefðbundnar hugmyndir um hlutverk kvenna þar sem óeigingjarna móðirin, Nanna, viðheldur og ber uppi gildismat og hefðir fyrri tíma, ástkonan, Leonóra, staðfestir sjálfðæmi kvenna yfir eigin lífi og líkama og eiginkonan, Írena, birtist sem fulltrúi raunsæju, útsjónarsömu konunnar sem allir treysta – en gætir samhliða að eigin velferð. Um leið og konurnar staðfesta hefðbundnar ímyndir um konur og hlutverk þeirra, staðfesta þær orð Corticelli um að „menning Karíbahafsins og sjálfsmynd getur ekki takmarkast við eitt tiltekið sjónarhorn“.⁸² Þær víkja frá ríkjandi hugmyndum um konur og skapa sér sjálfstæða tilveru – um leið og þær leitast við að fullnægja eigin þörfum og löngunum.

Aðalpersóna *Limón Reggae*, Lára, lætur ekki heldur bugast. Hún fer úr einum stað í annan í leit að samastað og samfélagi sem hún getur fundið til samsömunar með. Á þessari vegferð skapar hún sér margsamsetta, flókna og e.t.v. óstöðuga sjálfsmynd. Hún prófar sig áfram, mátar sig við marga möguleika og þjálfar með sér hæfileika og viðeigandi þekkingu til að standa styrkari og stöðugri sem einstaklingur með marghliða bakgrunn og breytilega sjálfsmynd. Kvenpersónur Rossi verða þannig fulltrúar lágstemmdrar baráttu um yfirráðasvæði þar sem konur öðlast smám saman trú á hverjar þær eru og hvers þær eru megnugar.

Við lát eiginmanns síns flytur Írena til höfuðborgarinnar. Hún trúir því að ögra verði menntastefnu landsins sem skyldar kennara

80 Kostaríski fræðimaðurinn Róger Churnside hefur lýst því ítarlega hvernig menningararfleifið Limón fylgir honum þrátt fyrir áratugalanga búsetu annars staðar, sjá: „Yo soy limonense“, *Tiempo y Testimonios*, San José, Costa Rica: Nuestra Tierra, 1999, bls. 23–32.

81 Beatriz Sarlo, „Women, History and Ideology“, *Women's Writing in Latin America: An Anthology*, Boulder: Westview Press, 1991.

82 „[...] la cultura caribeña y su identidad no pueden limitarse a una única perspectiva“, María Rita Corticelli, *El Caribe Universal*, bls. 25.

til að „gera litaða íbúa landsins spænskari“.⁸³ Hún tekur afstöðu gegn félagslegum darvinisma og heldur fjölmenningsstefnu á lofti. Lára tekur sig einnig upp og flytur til New York. Lesandinn kveður hana um leið og hún ekur í leigubíl eftir breiðstrætum stórborgarinnar þann 11. september 2001. Hún hlustar á Bob Marley staðfesta að: „Allt verður í lagi“ (bls. 291) og þakkar fyrir að hafa ekki tekið upp arabískt eftirnafn móður sinnar eða gælunafnið Aisha sem Maroz frænka gaf henni fyrir mörgum árum.

6. Lokaorð

Skáldsögur kostaríska rithöfundarins Anacristina Rossi, *Limón Blues* og *Limón Reggae*, flytja okkur fréttir af fjarlægum slóðum. Hún segir okkur frá fólkinu sínu við strönd Karíbahafsins, frá leit þess að sjálfsmynd og frá sögu svæðisins. Írena horfir á sjálfa sig í spegli og segir: „Mér getur fundist að ég sé hlekkjuð og að ég eigi bágt. En ekki í dag [...]“.⁸⁴ Lára virðir einnig fyrir sér eigin spegilmynd í búðarglugga í New York og raular lagið „Stand up for your rights“ með Bob Marley. Báðar tilheyra þær samfélagshópum sem standa á jaðrinum, minnihlutahópum sem við upphaf 21. aldar eru enn að leita samnefnara til að styrkja stöðu sína. En ólíkt karlpersónum skáldsagnanna lætur Rossi þær efast, gagnrýna, ögra og gera tilraunir til úrbóta. Hún lætur þeim mistakast, þær verða að endurskoða aðferðir sínar og reyna aftur, og aftur.

Skáldsögur Rossi veita innsýn í samfélagsmál á Karíbahafsströnd Kostaríku. Í verkum hennar er því lýst að eftir fimm hundruð ára sögu menningar-, tungumála- og blóðblöndunar, þar sem frumbyggjar, Evrópumenn og síðar afrískir þrælur hafa orðið ein þjóð, ræður aðskilnaður enn ríkjum. Skáldsögurnar varpa ljósi á menningarsögu svæðisins og leggja lið baráttunni fyrir viðurkenningu á margbreytileika og verðleikum tiltekinna menningarkima og jaðarsamfélaga. Rossi gerir sögu og ævisögu íbúa hafnarborgarinnar Limón og Karíbahafsstrandar Kostaríku að hluta af ímynd þjóðarinnar og bókmenntasögu landsins. Með sköpun sögupersónanna,

83 „Hay que españolizar a la raza de color“, Rossi, *Limón Blues*, bls. 384.

84 „Puedo sentirme amarrada o hacerme la sufrida. Pero hoy no [...]“, Rossi, *Limón Blues*, bls. 394.

Orlandusar og Írenu, Percivals/Ahmeds og Láru/Aishu, sýnir hún hvernig samfélagið mótast einstaklinginn um leið og hann hefur áhrif á umhverfi sitt og samfélag. Margt konar blöndun kynþátta og menningar veldur óstöðugri sjálfsmynd og um leið veikju sjálfsmati sem gerir persónunum erfitt að hasla sér völl sem jafningjar hins hvíta meirihluta í Kostaríku.

ÚTDRÁTTUR

Í greininni er sjónum beint að menningarlegum margbreytileika samfélaga á Karíbahafsströnd Kostaríku. Skáldsögur rithöfundarins Anacristina Rossi, *Limón Blues* (2002) og *Limón Reggae* (2007) sem „vegsama fjölmenningu og blandaðan uppruna íbúa Kostaríku“⁸⁵ eru skoðaðar út frá sögu, menningu, aðstæðum og sjálfsmyndum minnihlutahópa. Sjónum er sérstaklega beint að mótun sjálfsmynda íbúa af blönduðum uppruna og gerð grein fyrir ósýnileika þeirra í ímynd þjóðarinnar. Fjallað er um bókmenntir sem mögulegt vopn í baráttunni gegn ofureinföldun veruleikans, gegn ósýnileika lítt þekkt menningarafkima Kostaríku – og jafnvel gegn útskúfun þjóðfélagshópa.

Lykilorð: Bókmenntir, Kostaríka, Anacristina Rossi, þjóðarbrot, sjálfsmyndir

85 Quince Duncan, *Contra el silencio: afro descendientes y racismo en el Caribe continental hispánico*, bls. 211.

ABSTRACT

**Peering into Dark Corners:
Costa Rican Multicultural Communities
as represented by Anacristina Rossi**

This article discusses the cultural diversity of the Costa Rican Caribbean coast and examines the invisibility of the country's minority populations. The many different aspects of the minority communities are thoroughly portrayed in Anacristina Rossi's latest novels *Limón Blues* (2002) and *Limón Reggae* (2007), which "exalt the multicultural and multiethnic nature of the Costa Rican people" and examine cultural heritage and history.⁸⁶ The discussion focuses on these two novels and explores the complex issues of identity formation and how literature can be used as a medium of expression in the fight against invisibility and exclusion.

Keywords: Literature, Costa Rica, Anacristina Rossi, Minorities, Identity

86 Sama rit.

HEIMILDIR

- Alverenga Venotolo, Patricia, „La inmigración extranjera y la nación costarricense“, Heredia, Kostaríka: Universidad Nacional, sjá: <http://www.denison.edu/istmo/articulos/inmigracion.html> [sótt í september 2011].
- Án höfundar, „*Marcus Garvey*“, rannsóknarsetur Berkeley-háskóla í Kaliforníu, sjá: www.international.ucla.edu/africa/mgpp/ [sótt í september 2011].
- Baeza, Manuel, *Los caminos invisibles de la realidad social: Ensayo de sociología profunda sobre los imaginarios sociales*, Santiago, Síle: Red Internacional del Libro, 2000.
- Bedley, Cristal, „The Formation of Multiracial Identities“, fyrirlestur fluttur á ársþingi *American Sociological Association*, 31. júlí 2008, sjá: <http://www.allacademic.com/> [sótt í september 2011].
- Berger, Michele Tracy og Kathleen Guidroz (ritstj.), *The Intersectional Approach. Transforming the Academy through Race, Class and Gender*, Chapel Hill: The University of North Carolina Press, 2009.
- Bernard Little, Eulaila, *Ritmohéroe*, San José, Kostaríka: Editorial Costa Rica, 1982.
- Brown, Philip M., „Biracial Identity and Social Marginality“, *Child Adolescent Social Work Journal* 4/August 1990, bls. 319–37.
- Castiñeira, Ángel, „Naciones imaginadas: Identidad personal, identidad nacional y lugar de memoria“, Resina og Winter (ritstj.), *Casa encantada. Lugares de memoria en la España constitucional (1974–2004)*, Madrid: Iberoamericana, 2005.
- Castoriadis, Cornelius, *The Imaginary Institution of Society*, Cambridge: Polity Press, 1987.
- Churnside, Róger, „Yo soy limonense“, *Tiempo y Testimonios*, San José, Kostaríka: Nuestra Tierra, 1999, bls. 23–32.
- Corticelli, María Rita, *El Caribe Universal: La obra de Antonio Benítez Rojo*, Berlín: Peter Lang, 2006.
- Crenshaw, Kimberlé, „Introduction“, *Canon of American Legal Thought*, David Kennedy og William W. Fisher III (ritstj.), Princeton NJ: Princeton University Press, 2006.
- Crenshaw, Kimberlé o.fl., *Critical Race Theory: The Key Writings that Formed the Movement*, New York: New Press, 1995.
- Cuevas Molina, Rafael, „Tendencias de la dinámica cultural en Costa Rica en el siglo XX“, sjá: http://www.hcostarica.fcs.ucr.ac.cr/index.php?option=com_content&view=article&id=88:dinamculturalcr&catid=13:neoliberalismo&Itemid=2 [sótt í september 2011].
- Duncan, Quince, og Carlos Meléndez, *El negro en Costa Rica*, San José, Kostaríka: Editorial Costa Rica, 1981.
- Duncan, Quince, *Contra el silencio: afrodescendientes y racismo en el Caribe continental Hispánico*, San José, Kostaríka: EUNED, 2001.

- Duncan, Quince, „El afrorealismo, una dimensión nueva de la literatura latinoamericana“, *Ánales del Caribe*, Havana: Casa de las Américas, 2006, bls. 9–19.
- González-Mena, Janet, og Dora Pulido-Tobiassen, „Apoyando el desarrollo de una identidad sana“, sjá: [http://teachingforchange.org/files\(022-B.pdf](http://teachingforchange.org/files(022-B.pdf) [sótt í september 2011].
- Gudmundson, Lowell, og Justin Woulf, *Blacks & Blackness in Central America: Between Race and Place*, Durham og London: Duke University Press, 2010.
- Harpelle, Ronald N., *The West Indians of Costa Rica: Race, Class and the Integration of an Ethnic Minority*, Kingston, Jamaíka: Ian Randle Publishers, 2001.
- Hólmfríður Garðarsdóttir, „Ríkjandi rótleysi: Dáðleysi ungra manna í mexíkóskum stórborgarmyndum“, *Ritið* 2/2010, bls. 121–143.
- Hólmfríður Garðarsdóttir, „La mujer de color: Diáspora globalizadora de la subalternidad“, *Serie VII de HAINA*, Gautaborg: Gothenburg University, 2007, bls. 171–183.
- Hólmfríður Garðarsdóttir, „Transculturalción paulatina: La integración del pueblo negro en la sociedad costarricense“, *El Caribe Centroamericano*, Helsinki: The Renvall Institute, 2005, bls. 138–152.
- Hólmfríður Garðarsdóttir, „Kvenlegar ásýndir Rómönsku Ameríku“, *Ritið* 2005, bls. 65–83.
- Ibáñez, Enrique del Acebo, *Félagsfræði rótfestunnar: Hugmyndir um mótun borgarsamfélagsins*, Hólmfríður Garðarsdóttir og Helgi Gunnlaugsson, (ritstj. og umsjón þýðingar), Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2007.
- Margulis, M., og Urresti, M. (ritstj.), *La segregación negada: Cultura y discriminación social*, Buenos Aires: Editorial Biblos, 1999.
- McDonald, Delia, *La lluvia es una piel*, San José, Kostaríka: Ministerio de Cultura, 1999.
- Michel-Peres, Dominique, *Understanding the Identity Choices of Multiracial and Multicultural Afro-European and Black Women Living in Germany: Identifying a Model of Strategies and Resources for Empowerment*, sjá: edoc.ub.uni-muenchen.de/6489/1/Michel-Peres_Dominique.pdf [sótt í september 2011].
- Montobbio, Manuel, „Sobre la identidad de la identidad en la era de la globalización“, *Revista de Occidente* 352/Septiembre 2010, bls. 130–159.
- Mosby, Dorothy E., *Place, Language and Identity in Afro-Costa Rican Literature*, Columbia og London: University of Missouri Press, 2003.
- Morejón, Nancy, „Introducción“, *Anales del Caribe*, Havana: Casa de las Américas, 2006, bls. 5–9.
- Ortiz, Fernando, „Del fenómeno social de la “transculturación” y de su importancia en Cuba“, *Contrapunteo cubano del tabaco y azúcar*, Enrico Mario Santí (ritstj.), Madrid: Cátedra, 2002, bls. 254–262.
- Panesi, Jorge, „Villa, el médico de la memoria“, *Archivos de la memoria*, Barrenechea, Ana María (ritstj.), Rosario, Argentína: Beatriz Viterbo Editora, 2003.

- Phinney, Jean S., „Ethnic Identity in Adolescents and Adults. Review of Research“, *Readings in Ethnic Psychology*, Balls Organista, Pamela Gerardo Marín og Kevin M. Chun (ritstj.), Routledge og New York: Rotledge University, 1998, bls. 73–99.
- Quesada Soto, Álvaro, *Uno y los otros: Identidad y literatura en Costa Rica 1890–1949*, San José, Kostaríka: Editorial Universidad de Costa Rica, 1998.
- Rama, Ángel, *Transculturación narrativa en América Latina*, Mexico D.C., Mexíkó: Siglo XXI, 1982.
- Rossi, Anacristina, *Limón Blues*, San José, Kostaríka: Alfaguara, 2002.
- Rossi, Anacristina, *Limón Reggae*, San José, Kostaríka: Editorial Legado, 2007.
- Sarlo, Beatriz, „Women, History and Ideology“, *Women's Writing in Latin America: An Anthology*, Boulder: Westview Press, 1991.
- Sepúlveda, Magda, „La construcción de identidades, sus imaginarios y su posición en la literatura“, *Taller de letras* 32/2003, bls. 67–78.
- Sigurður Hjartarson, *Leiðarbækur úr fyrstu siglingunni til Indíalanda 1492–1493*, Reykjavík: Uglan, 1992.
- Smart, Ian, *Central American Writers of West Indian Origin: A New Hispanic Literature*, Washington, D.C.: Three Continents Press, 1984.
- Soto-Quirós, Ronald, „Imaginando una nación de raza blanca en Costa Rica: 1821–1914“, sjá: <http://alhim.revues.org/index2930.html> [sótt í september 2011].
- Stryker, S., og Burke P., „The Past, Present, and Future of an Identity Theory“, *Social Psychology Quarterly*, American Sociological Association 4/2000, bls. 287–297.
- Woo, Summer, „The Radical Identity of Asian American/White Children and Experiences of Race“, fyrirlestur fluttur á ársþingi *American Sociological Association*, 31. júlí 2008, sjá: <http://www.allacademic.com/> [sótt í september 2011].